

Föstudaginn 9. júní 1967.

Nr. 67/1967. **Ákærvaldið**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
Haraldi Bjarna Bjarnasyni
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Er haldið var eftir af kaupgreiðslum starfsmanna ákærða, Guðmundar Jónssonar og Þorleifs Vagnssonar, var þeim gefin kvittun fyrir hverri einstakri greiðslu, sem þannig var haldið eftir af kaupi þeirra, og þess getið á kvittununum, að um væri að ræða greiðslu opinberra gjalda.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært undir 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 4. apríl s.l., þar sem segir, að ákærði hafi hinn 28. febrúar s.l. greitt Gjaldheimtunni vegna Guðmundar Jónssonar, Höfðaborg 64, kr. 9.700.00 og vegna Þorleifs Vagnssonar, Vesturvallagötu 1, kr. 21.000.00.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að eigi hefur fyrir en 17. febrúar 1967 verið höfðað opinbert mál út af sams konar atferli og því, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, þykir mega ákveða að fullnustu refsingar hans, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 3 mánuði, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Bjarni Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-syni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 66/1967: Ákærvaldið gegn Haraldi Bjarna Bjarnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með kæru, útg. 17. þ. m., gegn Haraldi Bjarna Bjarnasyni múrarameistara, forstjóra Byggingafélagsins Goða h/f, til heimilis Reynimel 28 hér í borg, fæddum 27. janúar 1909 á Stokkseyri, „fyrir fjárdrátt með því að standa ekki Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á og þannig draga sér eða félaginu eftirtaldar fjárhæðir, sem hann á árinu 1966 hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupum eftirtalinnna tveggja starfsmanna félagsins:

1. Guðmundur Jónsson, Höfðaborg 64, kr. 9.700.00.
2. Þorleifur Vagnsson, Vesturvallagötu 1, kr. 21.000.00.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta, annað hvort persónulega eða fyrir hönd félagsins, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærði er forstjóri Byggingafélagsins Goða h/f. Á árinu 1966 unnu hjá félaginu meðal annarra þeir Guðmundur Jónsson, Höfðaborg 64, og Þorleifur Vagnsson, Vesturvallagötu 1. Ákærði hélt eftir af launum Guðmundar sumarið 1966 samtals kr. 9.700.00

til greiðslu á opinberum gjöldum hans. Ákærði stóð Gjaldheimtunni ekki skil á fé þessu. Gjaldheimtan krafði hann um skil með bréfi 12. sept. og kom fyrir ekki, og kærði Gjaldheimtan ákærða hinn 16. sept. Í tilefni af kærunni kom ákærði fyrir rannsóknarlögreglu 7. okt., viðurkenndi brotið, kvaðst ekki geta staðið skil á fénu þá þegar, en lofaði að gera það fyrir 31. okt., en ekki stóð ákærði við það. Þá er einnig leitt í ljós, að ákærði hélt á sama hátt eftir kr. 21.000.00 af launum Þorleifs Vagnssonar og stóð ekki skil á þeirri fjárhæð þrátt fyrir áskorun Gjaldheimtu í bréfi 8. nóv. Ákærði kom 19. des. f. á. fyrir rannsóknarlögreglu vegna kæru, sem Gjaldheimtan hafði sent 21. nóv. Viðurkenndi hann þá vanskil sín og kvaðst ekki hafa fé handbært til greiðslunnar, en vonaðist til, að það yrði fyrir áramót. Ekki varð þó úr greiðslu.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði kannast við, að hann hafi haldið eftir þeim fjárhæðum, sem í ákæru greinir, en ekki haldið þeim sérgreindum og hafi féð runnið inn í rekstur fyrirtækisins. Hafi vegna fjárhagsvandráða félagsins ekki verið hægt að standa skil á fénu enn.

Er þannig sannað, að ákærði hefur notað samtals kr. 30.700.00, sem opinberir sjóðir voru eigendur að, í þágu fyrirtækis þess, er hann veitir forstöðu, og þannig gerzt sekur um fjárdrátt og unnið til refsingar skv. 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur tvisvar verið dæmdur til refsingar fyrir umferðarbrot og 23 sinnum sætt á greiðslu sekta fyrir umferðarbrot. Hann hefur einnig hinn 27. okt. f. á. sætt á 13.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. alm. hegningarlaga (misnotkun tékka).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði hefur að vísu ekki sætt fyrr kæru fyrir auðgunarbrot. En þar sem hér er um auðgunarbrot, er tekur til samt. kr. 30.700.00, að ræða, og ákærði hefur engan lit sýnt á að bæta fyrir brotið þrátt fyrir áskoranir og þótt liðnir séu meira en 4 mánuðir, frá því að lögreglurannsókn hófst, verður refsingin ekki skilorðsbundin.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Í ákæru er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til skaðabóta-greiðslu. En með því að Gjaldheimtan hefur í kærubréfum sínum ekki krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til fjárgreiðslna, enda er hér um að ræða opinber gjöld, er lögtaksréttur fylgir, verða bætur ekki dæmdar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Bjarni Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1967.

Nr. 40/1966. **Magnús Einarsson**
 (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
 (Guðrún Erlendsdóttir hdl.)
 og
Samvinnutryggingum
 (Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Farmflutningur. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1966 og gert þær dómkröfur, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 88.000.00 með 8% ársvöxtum frá 14. maí 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi hafði árum saman flutt út sams konar vörur, sem í máli þessu greinir. Af máflutningi hans hér fyrir dómi verður það ráðið, að hann telji, að nauðsynlegt hefði verið að flytja vörurnar í kæligeymslu vegna flutningsvegalengdar og árstíma þess, sem flutningurinn fór fram á. Í farnskír-